

Lög Verkefnastjórnunarfélags Íslands

1. grein - Skilgreining

1. Nafn félagsins er Verkefnastjórnunarfélag Íslands. Skammstöfun félagsins er VSF.
2. Alþjóðlegt nafn félagsins er Project Management Association of Iceland. Skammstafað PMAI
3. Aðsetur félagsins er í Reykjavík.
4. Verkefnastjórnunarfélag Íslands skal ekki rekið í hagnaðarskyni.

2. grein - Tilgangur

1. Tilgangur félagsins er að kynna aðferðir verkefnastjórnunar og efla verkefnastjórnun á sem flestum sviðum þjóðlífsins.

3. grein - Markmið og verksvið

1. Markmið félagsins eru:
 - a) Styrkja fagfólk í verkefnastjórnun með menntun, vottun, stöðlun, notkun viðurkenndra alþjóðlegrar aðferða og úrræðum til að efla starfsferil sinn.
 - b) Hlúa að samfélagi verkefnastjórnunar og hvetja til siðferðilegra starfshátta, stöðugs náms og framúrskarandi forystu við framkvæmd verkefna.
 - c) Efla starfshætti, vísindi og starfsgrein verkefnastjórnunar á Íslandi með samstarfi við menntastofnanir, alþjóðasamtök og fyrirtæki.
 - d) Stuðla að íslenskri málnotkun á sviði verkefnastjórnunar.
2. Verksvið félagsins er:
 - a. að stofna til funda og ráðstefna og stuðla að öflugu fræðslustarfi um verkefnastjórnun
 - b. að gefa út fréttabréf og stuðla að útgáfu rita um verkefnastjórnun
 - a. að koma á og viðhalda samstarfi við innlend og erlend félög með sambærileg markmið
 - b. að stuðla að endurmenntun verkefnastjóra og skapa félagsmönnum möguleika á starfsvettvangi erlendis
 - e. að standa fyrir 4LC vottun verkefnisstjóra samkvæmt kröfum Alþjóða

verkefnastjórnunarsambandsins (IPMA) og tryggja alþjóðlega viðurkenningu hennar

- f. að viðhalda gagnabanka um íðorð um verkefnastjórnun
- g. að stuðla að virkum áhugahópum um einstaka þætti verkefnastjórnunar

4. grein - Tímabil

- 1. Starfsár félagsins er milli aðalfunda.
- 2. Reikningsár félagsins er frá og með 1. janúar til og með 31. desember.

5. grein - Félagsmenn

- 1. Fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklingar geta orðið félagsmenn.
- 2. Fyrirtæki, stofnanir og félög þurfa að skrá einstaklinga sem fulltrúa sína í félaginu.
- 3. Fulltrúar fara með atkvæðisrétt umboðsaðila sinna á fundum félagsins.

6. grein - Félagsgjöld

- 1. Ákvörðun félagsgjalda
Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi fyrir eitt ár í senn.
- 2. Afskráning vegna vangreiðslu
Framkvæmdastjóra félagsins er heimilt að taka einstaklinga af félagaskrá hafi þeir ekki greitt félagsgjöld innan þriggja mánaða frá eindaga. Áður en afskráning á sér stað skal viðkomandi hafa fengið skriflega áskorun um greiðslu.
- 3. Reikningagerð
Reikningar vegna félagsgjalda eru sendir út jafnóðum og nýskráningar berast. Þeir sem eru nú þegar skráðir í félagið fá reikning árlega á sama degi.
- 4. Greiðslufrestur
Félagsgjöld skal greiða innan 30 daga frá dagsetningu reiknings

7. grein - Heiðursfélagar

- 1. Heiðursfélagar geta þeir einir orðið sem hafa lagt félaginu sérstakt lið með fórnfúsu starfi og stuðningi.
- 2. Stjórn félagsins leggur fram tillögu að heiðursfélögum, þegar það á við.
- 3. Heiðursfélagi er undanþeginn greiðslu félagsgjalda.

8. grein - Úrsögn úr félaginu

1. Félagsmenn geta hætt í félaginu að vild. Félagsgjöld, og/eða hluti þeirra, eru ekki endurgreidd við úrsögn úr félaginu.

9. grein - Fjárhagsleg ábyrgð

1. Félagsmenn bera enga fjárhagslega ábyrgð gagnvart félaginu og skuldbindingum þess við þriðja aðila.

10. grein - Aðalfundur

1. Aðalfundur er æðsta vald félagsins.
2. Aðalfundur skal haldinn árlega fyrir lok mars.
3. Stjórn boðar til aðalfundar og ákveður stað og stund.
4. Boða skal til aðalfundar með tölvupósti og/eða bréflega með dagskrá í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund.
5. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.
6. Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Félagar og skráðir fulltrúar þeirra fara með eitt atkvæði hver við atkvæðagreiðslur.
7. Til lagabreytinga þarf þó atkvæði 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar skal senda félögum með tölvupósti og/eða bréflega eigi síðar en 1 viku fyrir aðalfund.
8. Stjórn getur boðað til auka aðalfundar hvenær sem er, með minnst viku fyrirvara.
9. Ef 10% félaga óska skriflega eftir auka aðalfundi og tilgreina fundarefni, skal stjórn félagsins boða til fundar innan 4 vikna frá því að skrifleg ósk berst.

11. grein - Verkefni aðalfundar

1. Dagskrá aðalfundar:
 - a. kosning fundarstjóra og fundarritara
 - b. skýrsla stjórnar
 - c. endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

- d. kosning stjórnar
 - e. kosning varamanns
 - f. kosning endurskoðenda
 - g. drög að fjárhagsáætlun næsta árs, ásamt tillögu að félagsgjaldi
 - h. lagabreytingar
 - i. ákvörðun félagsgjalda
 - j. önnur mál
2. Aðalfundur getur skipað vinnunefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum.
 3. Aðalfundur samþykkir skipun heiðursfélaga, þegar það á við.
 4. Allar ákvarðanir aðalfundar skulu skráðar í fundargerð.

12. grein - Stjórn félagsins

1. Stjórn félagsins skal kjörin á aðalfundi til tveggja ára í senn.
2. Hlutkesti skal ráða ef atkvæði eru jöfn.
3. Stjórnarmenn skulu vera 7, skulu 4 kosnir annað árið og 3 hitt árið.
4. Á aðalfundi skal kjósa einn varamann stjórnar til tveggja ára í senn.
5. Stjórnin skiptir með sér verkum.
 - a. formaður
 - b. varaformaður
 - c. gjaldkeri
 - d. ritari
 - e. meðstjórnendur (þrír talsins)
6. Fráfarandi stjórn skal vera nýrri stjórn til ráðgjafar í einn mánuð eftir að ný stjórn tekur við. Í

þeim tilgangi skal formaður nýrrar stjórnar boða fyrri stjórnarmenn á stjórnarfundi eins oft og þurfa þykir á tímabilinu.

7. Trúnaðareiður og þagnarskylda. Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum fyrir félagið og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af stjórnarstarfi. Stjórnarmönnum ber að varðveita þau gögn sem þeim er úthlutað þannig að aðgengi óviðkomandi aðila að gögnunum sé útilokað. Þegar stjórnarmenn láta af störfum fyrir félagið, skulu þeir skila af sér til félagsins öllum gögnum varðandi trúnaðarstarfið innan tveggja vikna frá því að trúnaðarstörfum lýkur.
8. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst 5 dögum fyrir aðalfund.

13. grein - Stjórnarfundir


1. Formaður boðar til stjórnarfundar eftir því sem þurfa þykir.
2. Heimilt er að halda fundi stjórnar í gegnum síma eða með gagnaflutningi.
3. Skylt er að boða til stjórnarfundar innan tveggja vikna óski einhver stjórnarmanna þess.
4. Stjórnarfundir eru lögmætir ef mættur er meirihluti stjórnarmanna. Formaður, og í fjarveru hans varaformaður stýrir fundum. Afl atkvæða ræður úrslitum í stjórn en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði á stjórnarfundum.
5. Hætti stjórnarmaður í stjórn félagsins skal kjósa annan í hans stað á næsta aðalfundi félagsins.
6. Stjórnarmaður sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðarbókina sem bókun.

14. grein - Verkefni stjórnar

1. Megin verkefni stjórnar skal vera að fylgja eftir markmiðum og verksviði félagsins samanber 3. grein laganna.
2. Stjórn félagsins boðar til aðalfundar að minnsta kosti árlega samanber 11. grein laganna.
3. Stjórn félagsins undirbýr aðalfundi samanber 10. og 11. grein laganna:
 - a. leggur fram skýrslu félagsins og reikninga til samþykktar
 - b. undirbýr fjárhagsáætlun og leggur fram tillögu að félagsgjöldum

4. Stjórn félagsins skipar stefnumótandi stjórn vottunaraðila (SSV) til tveggja ára í senn sambanber 15. grein laganna.
5. Stjórn félagsins getur skipað vinnunefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum.
6. Stjórn félagsins skipar ábyrgðarmenn áhugahópa.
7. Stjórn félagsins leggur fram tillögu að heiðursfélögum þegar það á við.
8. Stjórn félagsins er fulltrúi þess í innlendum sem erlendum samskiptum.

15. grein – Vottunarmál



Mynd 1 Stjórnskipulag vottunaraðila

1. Stjórn VSF sér um ráðningu forstöðumanns vottunarmála (Head of CB). Forstöðumaður vottunarmála leiðir stefnumótandi stjórn vottunarmála (SVV) sem er óháð stjórn VSF. Í SSV sitja a.m.k. þrír aðilar. Æskilegt er að einn stjórnarmaður SVV sé vottaður verkefnastjóri úr atvinnulífinu og sá þriðji fulltrúi matsaðila.
2. Stýrihópur vottunarmála skipar matsmenn vottunar.

3. Stýrihópur vottunarmála ber ábyrgð á samræmingu vottunarferlis við alþjóðlegar kröfur IPMA.
4. Komi til kæra á vottunarferli, tekur SSV málið til umfjöllunar og leitar ráða hjá tveimur óháðum matsaðilum sem skipaðir eru í áfrýjunarnefnd, ásamt formanni SSV eða fulltrúa úr stjórn VSF. Matsaðilarnir skulu ekki hafa komið að því vottunarferli sem kært er. Niðurstaða áfrýjunarnefndar skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá móttöku áfrýjunar frá umsækjanda.
5. Úttekt á vottunarferli skal framkvæmd af innri endurskoðanda vottunarferils og ber að fylgja þar kröfum IPMA um innri endurskoðun. Innri endurskoðandi vottunarferils skal fá afhent öll þau gögn sem hann fer fram á við endurskoðun sína.

16. grein - Endurskoðandi

1. Aðalfundur skal kjósa einn endurskoðanda félagsins til eins árs í senn og einn staðgengil hans.
2. Endurskoðandi félagsins og/eða staðgengill hans skal endurskoða ársreikning þess og staðfesta með undirskrift.
3. Endurskoðandi og staðgengill hans skulu ekki sitja í stjórn félagsins.

17. grein - Kosningar

1. Tillaga um slit félagsins skal berast félagsmönnum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.
2. Til að slíta félaginu þarf bæði:
 - a. samþykki 3/4 félagsmanna á aðalfundi fyrir tillögu þess efnis
 - b. rúmlega helming atkvæða allra félagsmanna í skriflegri kosningu

18. grein - Ráðstöfun eigna

1. Aðalfundur skal kjósa skiptastjóra úr sínum röðum.
2. Aðalfundur ráðstafar eignum félagsins. Ráðstöfun eigna skal miða að því, eftir því sem unnt er, að stuðla að tilgangi og markmiðum félagsins.
3. Bannað er að ráðstafa eignum félagsins meðal félagsmanna.

Samþykkt á aðalfundi **13. mars 2025**